



Fundargerð

378. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 12. mars 2015 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Mariútröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VP), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Ágúst Már Gröndal (ÁMG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður

Oddviti bauð fólk velkomið og leitaði afbrigða að taka 1 mál á dagskrá undir liðnum önnur mál, var það samþykkt. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 377. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 12. febrúar 2015.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt samhljóða.

2. Skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd 9. mars 2015.

Fundargerðin lögð fram.

2.1 1503002 - Umsókn um styrkvegafé til Vegagerðarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar, sveitarstjóra falið að koma erindinu á framfæri við Vegagerðina. Samþykkt samhljóða.

2.2 1503003 - Fundur með vegamálastjóra og framkvæmdastjóra siglingasviðs varðandi Flateyjarhöfn og Staðarhöfn.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.3 1411030 - Kúatjörn, hreinsun og stíflun.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.4 1503018 - Stofnun lóðar fyrir eldsneytisdælur á Reykhólum .

Reykhólahreppur samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða. Sveitarstjóri lagði fram afsal vegna Hellisbrautar 72 á milli Hellisbrautar ehf. og Reykhólahrepps, sveitarstjóra falið að þinglýsa afsali um leið og lóð N1 hefur verið stofnuð. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 1503007 - Fræðslustjóri að láni, verksamningur.

Fyrir sveitarstjórn liggur samningur Reykhólahrepps og Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða við fræðslusjóðinn Sveitamennt um „fræðslustjóra að láni“. Sveitamennt leggur til

„fræðslustjóra að láni“, fræðslu- og mannauðsráðgjafa sem greinir fræðsluþörf og semur fræðsluáætlun byggða á greiningu. Markmið verkefnisins er að gera Reykhólahreppi kleift að setja fræðslu starfsmanna sveitarfélagsins í markvissan farveg og auka þannig gæði þjónustu sveitarfélagsins og starfsánægju starfsfólks.

Sveitarstjórn samþykkir verksamninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann. Samþykkt samhljóða.

2. 1503008 - Samþykkt stjórnarfundar BSvest, 23. febrúar 2015.

Lögð er fram samþykkt stjórnarfundar BSvest frá 23. febrúar 2015 varðandi ósk um viðuræður við velferðarráðuneytið um að ríkið taki við málaflokki fatlaðs fólks úr höndum sveitarfélaganna.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps vill að málefni fatlaðra verði áfram hjá sveitarfélögunum og að sú vinna sem lagt hefur verið upp með geti haldið áfram. Stöðugar forsendubreytingar, lægri fjárframlög og sú staðreynd að upplýsingar um fjárframlög innan árs komi seint fram, jafnvel í lok árs eins og gerðist í desember 2014, gera sveitarfélögunum ómögulegt að skipuleggja og sinna verkefnum sem þeim eru falin. Þá falla þau vinnubrögð ekki undir þær fjármálareglur sem sveitarfélögum eru settar samkvæmt lögum. Sveitarstjórn Reykhólahrepps styður því og samþykkir tillögu BSvest um að teknar verði upp viðuræður við velferðarráðuneytið um málefni fatlaðs fólks. Samþykkt samhljóða.

3. 1503009 - Boðun á XXIX. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Erindi og fundarboð frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 2. mars 2015.

ÁBG er kjörinn fulltrúi sveitarfélagsins á landsþingi, varafulltrúi er ÁMG. ÁBG er falið að sækja landsþing ásamt sveitarstjóra, samþykkt samhljóða.

4. 1503010 - Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Vestfjörðum um sjálfbæra þróun í umhverfislegu og félagslegu tilliti.

Sveitarfélögin innan Fjórðungssambands Vestfirðinga hafa samþykkt að marka þá stefnu að sérgreina sig sem umhverfisvænt og sjálfbært samfélag þar sem áhersla er lögð á að vernda sögu, minjar og landslag fyrir komandi framtíð. Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa í auknum mæli stuðlað að sjálfbærni og horft meira til náttúru- og landverndar og eru með því að hvetja fyrirtæki, íbúa og opinberar stofnanir á svæðinu að feta sömu braut.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að undirrita sameiginlega stefnu sveitarfélaganna á Vestfjörðum. Samþykkt samhljóða.

5. 1503011 - Ósk um aðgang að fjársýslu sveitarfélagsins í tengslum við BA-verkefni. Erindi frá Ingibjörgu Benediktsdóttur dagsett 3. mars 2015.

Fyrir liggur umsókn Ingibjargar Benediktsdóttur um aðgang að fjársýslu sveitarfélagsins í tengslum við BA-verkefni hennar, sem fjallar um möguleg áhrif af sameiningu Strandabyggðar og tveggja nærsveitarfélaga (Reykhólahrepps og Dalabyggðar) á þjónustu og stjórnsýslu.

Sveitarstjórn samþykkir beiðnina og óskar þess að fá að fylgjast með verkefninu og að Ingibjörg kynni sveitarstjórn niðurstöðu þess að því loknu. Samþykkt samhljóða.

6. 1503012 - Samningur um lögfræðipjónustu við Pacta lögmenn.

Sveitarstjórn samþykkir framlagðan samning samhljóða.

7. 1503013 - Boð um að Reykhólahreppur gerist stofnfélagi að Samtökum atvinnurekenda á sunnanverðum Vestfjörðum.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps ákveður að gerast ekki stofnaðili að Samtökum atvinnurekenda á sunnanverðum Vestfjörðum, samþykkt samhljóða.

8. 1503014 - Gæludýrahald í íbúðum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi vegna leiguíbúða í eigu sveitarfélagsins.

Sérákvæði leigusamnings breytist. Út fellur að gæludýrahald sé óheimilt, nýtt sérákvæði vegna gæludýra, leita þarf samþykkis forstöðumanna stofnana sveitarfélagsins ef um íbúðir í þeim er að ræða, annars fer eftir lögum um húsaleigu nr.36/1994.

Tekin verður upp trygging sem jafngildir þriggja mánaða húsaleigu.

Samþykkt samhljóða.

9. 1503015 - Minni sóun, meiri hagkvæmni, leiðir sveitarfélaga til betri úrgangsnýtingar, ráðstefna á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga 19. mars 2015.

Sveitarstjórn samþykkir að formaður umhverfisnefndar sæki ráðstefnuna, samþykkt samhljóða.

10. 1502004 - Verklagsreglur leikskóladeildar Reykhólaskóla.

Frestað á fundi sveitarstjórnar þann 12. febrúar 2015.

Sveitarstjórn gerir tillögur að smávægilegum breytingum á verklagsreglum, sveitarstjóra falið að koma þeim á framfæri við skólastjóra. Samþykkt samhljóða.

11. 1503016 - Erindi frá nefndasviði Alþingis til umsagnar.

- 11.1. Frumvarp til laga um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum (heildarlög, strangari reglur), 512. mál.
- 11.2. Frumvarp til laga um orlof húsmæðra (afnám laganna), 339. mál.
- 11.3. Frumvarp til laga um farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni (heildarlög, EES-reglur), 504. mál 504, og drög að umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- 11.4. Frumvarp til laga um farmflutninga á landi (aukið eftirlit, starfsleyfi o.fl., EES-reglur), 503. mál.

Sveitarstjórn veitir ekki umsagnir um ofangreind frumvörp. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. 1503017 - Umsókn um framlengingu á undanþágu frá íbúafjöldamörkum þjónustusvæða.

Afrit af svari velferðarráðuneytisins við erindi BSVest, svarbréf dagsett 20. febrúar 2014.

Lagt fram og kynnt.

2. 1502024 - Stjórnsýsla í Flatey.

Áður kynnt erindi íbúa Flateyjar og bókun bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar til kynningar, sent frá bæjarstjóra Stykkishólmsbæjar 10. mars 2015.

Lagt fram og kynnt.

3. 1502027 - Fundargerð stjórnarfundar BSVest, 23. febrúar 2015

Fundargerð lögð fram.

4. 1503019 - Fundargerðir stjórnarfundar FV, 2. og 9. febrúar 2015.

Fundargerð lögð fram.

5. 1502025 - Fundargerðir 825. og 826. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerðir lagðar fram.

6. 1503020 - Fundargerð heilbrigðisnefndar Vestfjarða 20. febrúar 2015.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

7. 1503021 - Ósk Kaldrananeshrepps um samstarf um þjónustu byggingafulltrúa.

Reykholahreppur tekur jákvætt í erindið. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19.35.

_____	_____
_____	_____
_____	_____